

**Ed. 285. Frumvarp til laga [106. mál]**

um breyting á lögum nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör.

Flm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.

**1. gr.**

2.—3. töluliður og niðurlagsmálsgr. 9. gr. laganna falli niður. — 4.—5. tölul. sömu greinar verði 2.—3. tölul.

**2. gr.**

2. másl. 1. málsgr. 10. gr. laganna falli niður.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara 1950.

**Greinargerð.**

Í lögum um útsvör frá 1945 eru nokkur ákvæði um skiptingu útsvara milli sveitarfélaga. Á meðal þeirra eru ákvæðin í 2. og 3. tölulið 9. gr. laganna, er mæla svo fyrir, að ef maður stundar atvinnu utan heimilissveitar sinnar að minnsta kosti samtals 3 mánuði á útsvarsárinu í sömu sveit og hefur fengið kaup að minnsta

kosti 3000 kr., eða ef maður er lögskráður á skip utan heimilissveitar í 3 mánuði eða meira og fær þar yfir 5000 kr. í kaup, þá skuli skipta útsvarinu á milli atvinnu- og heimilissveitar eftir vissum nánar ákveðnum reglum. Jafnhliða þessu eru í útsvarslögunum ákvæði um útsvarsjöfnun, er koma á í veg fyrir það, að menn geti komizt í lægra útsvar með því að skrifa sig til heimilis utan atvinnusveitar. Fer sú útsvarsjöfnun fram í sambandi við skiptingu útsvaranna á milli heimilis- og atvinnusveitar. Ákvæði þessi munu eiga rót sína að rekja til þess mikla munar, sem áður var á milli útsvarsstiga Reykjavíkur og nágrannasveita hennar, svo og þess, að nokkur hætta var talin á, að menn, sem stunduðu atvinnu í Reykjavík, létu skrá sig til heimilis í nágrannasveitunum í þeim tilgangi að komast í lægra útsvar.

Á síðari árum hafa orðið miklar breytingar á öllum fjármálum sveitarfélaganna í landinu og jöfnun á milli útsvarsstiga þeirra, en þó einkum á milli útsvarsstiga Reykjavíkur og nágrannasveita hennar. Útsvarsstigi Reykjavíkur og nágrennis hennar eru nú svo svipaðir, að ekki mun nein hætta á, að menn sjái sér hag í því að skrá sig til heimilis í nágrannahreppum Reykjavíkur í þeim tilgangi að komast hjá háum útsvörum í Reykjavík. Svipað mun um aðra kaupstaði landsins, þótt mér sé ekki eins vel kunnugt um það. Það er því með öllu ástæðulaust að viðhalda ákvæðum útsvarslaganna um skiptingu útsvara í þeim tilgangi að afstýra útsvarsflóttu.

Heimilissveitir manna hafa marghátuð útgjöld af íbúum sínum, sem atvinnusveit er algerlega laus við, og hafa þessi útgjöld aukizt mjög á síðari árum. Auk hinna föstu óhjákvæmilegu rekstrarútgjalda sveitarfélaganna þurfa nú öll sveitarfélög landsins að greiða til almannatrygginga mjög ríflega fjárhæð á hverju ári. Þessi fjárhæð er að engu leyti miðuð við útsvarstekjur sveitarfélaganna né hversu mikinn hluta þeirra þau þurfa að greiða til atvinnusveitar íbúanna. Hér er eingöngu farið eftir tölu íbúa, fasteignamati og skattskyldum tekjum. Í mörgum sveitarfélögum er þetta framlag stærsti útgjaldaliður hreppsreikninganna. Þegar þessi útgjöld bætast við önnur útgjöld sveitarfélaga vegna íbúanna, sem atvinnusveit er með öllu laus við, er ljóst, að sveitarfélögum, sem þurfa að greiða stórar fjárhæðir vegna útsvarsskiptingar, er með öllu ókleift að standa undir útgjöldum sínum.

Engin sveitarfélög munu hafa goldið slíkt afhroð af ákvæðum útsvarslaganna um skiptingu útsvara sem nágrannahreppar Reykjavíkur. Íbúum þessara hreppa hefur fjölgað mjög á seinustu árum. Valda húsnæðisvandráðin í Reykjavík þar mestu um. Fjölgun íbúanna hefur kallað á margháttað aukin útgjöld þessara sveitarfélaga. Auk eðlilegrar útgjaldaaukningar vegna fjölgunar íbúa í þessum hreppum hefur reynzt óhjákvæmilegt að ráðast í margháttaðar dýrar framkvæmdir. Tekjur þessara sveitarfélaga hafa hins vegar ekki aukizt að sama skapi og útgjöldin. Verulegur hluti íbúanna stundar atvinnu sína í Reykjavík, og því ber Reykjavík hluti af útsvari þeirra. Nemur þessi útsvarshluti verulegum hluta af heildarútsvörum hreppanna og í sumum tilfellum jafnvel helmingi. Er svo komið um suma hreppana, að ef útsvarsskiptingunni verður haldið áfram, þá er þeim með öllu fyrirumunað að geta séð fyrir þörfum íbúa sinna með eðlilegum hætti.

Á þinginu 1946 flutti ég tillögu um að afnema skiptingu atvinnuútsvara einstaklinga. Tillagan náði þá ekki fram að ganga. Er hún nú flutt hér á ný í þeirri von, að hún fái betri móttökur, enda er afstaðan nokkuð breytt eftir gildistöku laganna um almannatryggingar.